

Inngangur

Almennt hjá 1. – 3. bekk

Samþætting

Reynt verður að samþætta námsgreinar þannig að um samfellu verði að ræða en ekki hrein skil á milli námsgreina. Leitast verður við að hafa námsmat fjölbreytt og á forsendum hvers nemanda.

Áhugasviðsverkefni

Nemendur velja sér viðfangsefni sem þeir vilja vinna nánar að í samstarfi við umsjónarkennara sinn. Hver nemandi vinnur sitt eigið áhugasviðsverkefni en þau geta verið af ólíkum toga og með nálgun sem hentar hverjum og einum. Kannað verður með samstarf við eldri nemendur og aðra kennara.

Lestrarstundir

Að venju lesa nemendur hjá kennara eða stuðningsfulltrúa á hverjum degi eins og kostur er. Auk þess verða áfram lestrarstundir í stundaskrá þar sem nemendur fá 15 mínútur á dag í næði til að efla læsi og áhuga á lestri.

1. bekkur

Kennarar: Bergrún Gyða Óladóttir, Ingibjörg Ásta Faaberg og Birna Sigurðardóttir.

Sérkennarar: Ásta Brynjólfsdóttir og Sigrún Jónsdóttir.

Fyrst í stað verða nemendur í 1. bekk á sér svæði en til stendur að blanda þeim með 2. og 3. eftir því sem tækifæri gefast. Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. hringekja, ýmiss konar hópavinna, Bright Start, innlögn í krók og í litlum hópum.

Smiðjur

Nemendum í 1. bekk verður skipt í þrjá hópa og fá þeir 60 mínútur í senn tvisvar í viku í 11 vikur í hverri smiðju. Smiðjur 2008 – 2009 verða myndmennt, smíði og heimilisfræði.

2. – 3. bekkur

Kennarar: Ásta Brynjólfsdóttir, Guri Hilstad Ólason, Gyða Björgvinsdóttir og Birna Sigurðardóttir.

Stuðningsfulltrúar: Steina Arnardóttir og Olga Elísa Guðmundsdóttir.

Sérkennarar: Ásta Brynjólfsdóttir og Sigrún Jónsdóttir.

Nemendum í 2. - 3. bekk er aldursblandað frá fyrsta degi og hefur þeim verið skipt í þrjá umsjónarhópa. Hóparnir verða í opnu rými sem hægt er að loka af og mynda þrjár kennslustofur. Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluáferðir s.s. hringekja, ýmiss konar hópavinna, Bright Start, innlögn í krók og í litlum hópum.

Smiðjur

Nemendum í 2. – 3. bekk verður skipt í fimm hópa og verður hverjum hópi kennt í 60 mínútur í senn tvisvar í viku í sex og hálfu viku. Smiðjur 2008 – 2009 verða myndmennt, heimilisfræði, umhverfismennt, handmennt og smíði / mótun.